



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 9. september 2015

Niðurstaða athugunar á aðskilnaði starfssviða hjá H.F. Verðbréfum hf.

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á aðskilnaði starfssviða hjá H.F. Verðbréfum hf., um miðjan apríl 2015. Markmið athugunarinnar var að kanna hvort aðskilnaður starfssviða hjá félaginu væri í samræmi við kröfur 8. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og 4. þáttar reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og víðskiptahætti fjármálafyrirtækja, sem Fjármálaeftirlitið hefur útfært nánar í leiðbeinandi tilmælum nr. 4/2014 um aðskilnað starfssviða. Athugunin beindist að aðskilnaði starfssviða í húsnæði félagsins, aðskilnaði í stjórnun og aðskilnaði gagna. Að auki voru reglur, stefnur og önnur skjöl félagsins þessu tengd skoðuð. Niðurstöður athugunarinnar lágu fyrir í ágúst 2015.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að reglur félagsins um aðskilnað starfssviða hafi ekki borið það með sér að hafa verið endurskoðaðar eftir að ný leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins um aðskilnað starfssviða voru gefin út. Gerð var athugasemd við skort á skráðum innri verkferlum hjá félaginu. Þá var gerð athugasemd við aðgangsheimildir starfsmanns félagsins að gögnum annars starfssviðs en hann tilheyrði í gegnum tiltekið netfang.

Fjármálaeftirlitið fór fram á að H.F. Verðbréf hf., gerði viðeigandi úrbætur vegna athugasemdanna. Óskað var eftir því að innri endurskoðandi framkvæmi úttekt á úrbótunum og skili Fjármálaeftirlitinu greinargerð fyrir 15. október 2015.